

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028, svæði fyrir frístundabyggð, Hrafnabjörgum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 frá 21. desember 2009.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði á eyðijörðinni Hrafnabjörgum er breytt í svæði fyrir frístundabyggð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011